

12. stjórnarfundur EBAK 5. febrúar 2024

Mætt: Karl Erlendsson, Margrét Alfreðsdóttir, Karl Guðmundsson, Valgerður Jónsdóttir, Sigurður Harðarson og Friðrik Vagn Guðjónsson.

Forföll: Margrét Marvinsdóttir, Elín Antonsdóttir, Þóra Hjaltadóttir og Helgi Aðalsteinsson.

Dagskrá:

1. Skyndihjálparnámskeið

Námskeið í skyndihjálpar verður haldið í Bugðusíðu miðvikudaginn 7.2 kl. 15.30. Stjórn og nefndir EBAK geta sótt námskeiðið.

2. Aðalfundur EBAK

Aðalfundur EBAK verður haldinn 20. mars nk. kl. 16:00. Staðsetning enn óákveðin. Breytingar verða á stjórn og varastjórn og í ýmsum nefndum. Uppstillingarnefnd er að störfum. Rætt um nýjar nefndir svo sem Kjaranefnd, húsnæðisnefnd og Ringónefnd og hvort setja skuli þær inn í samþykktir félagsins.

3. Félagsgjöld

Stefnt er að senda út innheimtu félagsgjalda í byrjun mars nk.

4. Fundargerð framkvæmdaráðs 25.1.2024

a) Félagaskráin

Skráin yfir félagsmenn EBAK er ennþá í vinnslu en klárast vonandi í vikunni ásamt uppsetningu á nýju neti. Fljótlega er stefnt að senda út fréttabréf á félagsmenn með ýmsum fróðleik.

b) Bæklingur félagsmiðstöðvanna

Fréttir berast um að bæklingur félagsmiðstöðvanna Sölu og Birtu verði ekki oftar prentaður út. Stjórn EBAK óskar eindregið eftir því við Akureyrarbæ að bæklingur félagsmiðstöðvanna verði áfram prentaður og dreift á félagsmiðstöðvunum.

c) Lestur með nemendum

Hugmynd hefur komið fram um að eldri borgarar hjálpi nemendum í grunnskólum við lestur. Þetta verkefni mun líklega byrja til reynslu á vorönninni í Glerárskóla.

d) Kjarafundur

Fundur um kjaramál eldri borgara með fulltrúum flokkanna á Alþingi sem átti að vera 26. jan. sl. en var frestað vegna veðurs verður haldinn 12. apríl nk. í Brekkuskóla.

e) Húsnæðismál

Húsnæðishópur EBAK kom saman til sín fyrsta fundar í síðustu viku. Gunnar Gíslason mun leiða hópinn.

f) Skipulagsmál EBAK

Formaður leggur til að stjórn EBAK taki að sér stefnumótunarvinnu fyrir EBAK og skipt verði í 3 vinnuhópa. Formaður kynnti drög að hlutverki hópanna. Talað er um 3 hópa og verkefni þeirra verði eftirfarandi:

a. Verkefni stjórnar og skrifstofustjóra

b. Fjármál EBAK

c. Verkefni nefnda.....

5. Fundargerð framkvæmdaráðs 31.1.2024

a) Öldungaráð

Framkvæmdastjórn fundaði með Öldungaráði 31.1.2024. Þar var farið yfir ýmis sameiginleg baráttumál.

Stjórn EBAK samþykkir að óska eftir við Akureyrarbæ frístundaakstri á mánudögum e.h. á milli Birtu og Sölu.

6. Aðalfundur LEB

Aðalfundur LEB verður haldinn í Reykjavík 14.5 nk.

7. Hjúkrunarheimili

Fréttir hafa borist að heilbrigðisráðherra hyggist gera miklar breytingar á lögum um hjúkrunarheimili.

8. Fésbókarsíða EBAK

Kvartað er yfir frekar lítilli umræðu á fésbókinni – aðallega smá tilkynningar. Vantar meiri umræðu og fréttir frá stjórn og nefndum.

Næsti fundur stjórnar er boðaður 27.2 kl. 13:00.

Karl Guðmundsson ritaði fundargerð

Kaflundur
margrét aufrósdóttir
Andrih Magn Sveinsson

Karl Elvasson
Stein Antonsson
Sveinsson